78 um þeirra, er rektor skólans tilnefnir ár hvert. Sje efni ritgerðar þann veg, að enginn af
24. ágúst dómendum þykist bær um að dæma, skal leita umsagnar besta sjerfræðings, er til næst. Formaður dómnefndar er aðalkennari skólans í íslensku.

Reykjavík, 30. júní 1921.

*G. Björnsson. Guðm. Finnbogason. Þórður Pálsson. Jónas Kristjánsson. Magnús Þorsteinsson. Ing. Gíslason. A. Fjeldsted. Stefán Kristinsson. Edwald F. Möller. Sv. Hallgrímsson. Jónmundur Halldórsson. Steingrímur Matthíasson. H. Kr. Júlíusson. Þorbjörn Þórðarson. Árni Þorvaldsson.*

79
29. ágúst

# Reglugjörð

## um viðauka við reglugjörð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. október 1919.

Við 2. gr. reglugjörðar um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. okt. 1919 bætist.

Nú hafa einstakir rafmagnsnotendur suðuáhöld, straubolta eða önnur áhöld, sem þurfa rafmagnsstraum, skal þá rafveitunefnd heimilt að heimta áhöldin framseld til geymslu eða ráðstöfunar eða slíta sambandi viðkomandi rafmagnsnotanda. Þó skal rafmagnsnotanda eigi skylt að afhenda slík áhöld ef rafmagnið er leitt í hús hans um straumtakmarkara.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 29. ágúst 1921.**

Í fjarveru ráðherrans

**Oddur Hermannsson.**

---

*Páll Pálmason.*